

1. Hlutverk Matvælastofnunar er að tryggja öryggi upplýsinga stofnunarinnar og viðskiptavina sinna m.t.t leyndar og að þær séu réttar og tiltækar.
2. Matvælastofnun fylgir markmiðum, lögum, reglum og leiðbeiningum fyrir stjórn upplýsingaöryggis sem eru grundvöllur skipulags og viðhalds ráðstafana til að standa vörð um leynd gagna og upplýsingakerfa, að þau séu rétt og tiltæk, auk þess að fylgja öllum samningum sem stofnunin er aðili að og varða upplýsingaöryggi.
3. Stjórnendur skuldbinda sig til að tryggja skilvirka framkvæmd upplýsingaöryggisstefnunnar með því að gera hana að skriflegum fyrirmælum útgefnum í gæðahandbók auk viðeigandi verkferla og annarra gæðaskjala sem fylgt verði í allri starfseminni.
4. Stefna í upplýsingaöryggismálum er bindandi fyrir alla starfsmenn og nær til allra þjónustuaðila sem veita Matvælastofnun þjónustu.
5. Allir starfsmenn eru skuldbundnir til að vernda gögn og upplýsingakerfi gegn óheimilum aðgangi, notkun, breytingum, uppljóstrun, eyðileggingu, tapi eða flutningi.
6. Starfsmenn, viðskiptavinir og þjónustuaðilar eru hvattir til að tilkynna upplýsingaöryggisbresti sem upp koma í þeim tilgangi að stuðla sífellt að stöðugum umbótum.
7. Matvælastofnun framkvæmir eftir þörfum áhættumat og innri úttektir á upplýsingaöryggi stofnunarinnar til að tryggja stöðugar umbætur á því sviði.
8. Upplýsingaöryggisstjóri hefur eftirlit með framkvæmd og virkni upplýsingaöryggismála í samræmi við þessa stefnu.
9. Starfsmönnum, þjónustuaðilum, núverandi og fyrrverandi, er óheimilt að veita upplýsingar um innri mál Matvælastofnunar, viðskiptavina eða annarra starfsmanna.
10. Matvælastofnun stuðlar að virkri öryggisvitund starfsmanna, viðskiptavina, verktaka, þjónustuaðila og gesta. Starfsemi og starfshættir skulu vera til fyrirmyndar hvað varðar upplýsingaöryggi.
11. Matvælastofnun endurskoðar þessa stefnu eins og tilefni er til en að lágmarki á þriggja ára fresti.
12. Matvælastofnun *styðst við ÍST ISO/IEC 27001:2017 – Stjórnunarkerfi um upplýsingaöryggi.*